

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness, fimmtudaginn 31. maí 2018, í máli nr. E-672/2017:

Guðmundur Spartakus Ómarsson
(*Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.*)

gegn

Atla Má Gylfasyni

(*Gunnar Ingi Jóhannsson hrl.*)

og

Útgáfufélaginu Stundinni ehf. til réttargæslu
(*enginn*)

I

Mál þetta var höfðað með stefnu þingfestri 28. júní 2017. Stefnandi er Guðmundur S. Ómarsson, kt. 000000-0000, Miðvangi 2, Hafnarfirði. Stefndi er Atli Már Gylfason, kt. 000000-0000, Ásgarði 3, Reykjanesbæ. Þá er Útgáfufélaginu Stundinni ehf., kt. 000000-0000, Austurstræti 17 í Reykjavík, stefnt til réttargæslu.

Stefnandi krefst ómerkingar á ærumeiðandi ummælum og greiðslu miskabóta vegna ítrekaðra ærumeiðinga og brota á friðhelgi einkalífs stefnanda, í fréttum sem birtar voru í fjölmiðlum stefnda Stundarinnar, í útvarpsþættinum Harmageddon og í viðtali í hljóði og mynd á Facebook og www.sudurnes.net, dagana 1., 2. og 30. desember 2016.

II.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

Ómerkingarkrafa.

Þess er krafist að eftirfarandi ummæli, sem stefndi Atli Már ber ábyrgð á að lögum, verði dæmd dauð og ómerk:

Stundin, 1. desember 2016 (bls. 1, 20-25).

1. Ónefndur Íslendingur er sagður hafa sýnt höfuðið á Skype.
2. ... ónefndan Íslending halda á afskornu höfði hans í samtali á Skype og hrósað sér af því að hafa myrt hann.
3. ... að Guðmundur Spartakus hafi verið afar umfangsmikill í eiturlyfjaviðskiptum ...
4. Sá ónefndi segir að það hafi slegið í brýnu á milli þeirra með þeim afleiðingum að hann hafi ákveðið að drepa Friðrik.
5. Ónefndi Íslendingurinn sagðist einfaldlega ekki hafa getað gert annað en að drepa Friðrik ...

6. „Hér er hann, hér er Friðrik“, sagði ónefndi Íslendingurinn og lyfti plastpokanum í átt að vefmyndavélinni á fartölvunni.
7. Hann sá afskorið höfuð í pokanum. Höfuð sem líktist Friðriki. Illa farið höfuð sem blóðið draup enn úr. Sundurskorið andlit, með brotinn kjálka og annað augað hékk út úr hauskúpunni.
8. Sá ónefndi sagðist hafa fengið nóg af Friðriki og hér hafi höfuð hans endað. Afskorið í glærum plastpoka.
9. ... ónefnda Íslendingi sem Jón sagðist hafa séð halda á afskornu höfði Friðriks.
10. ... Guðmundur væri grunaður um að vera einn höfuðpaura í umfangsmiklum smyglhring ...
11. Honum þótti óvenjulegt að sjá Íslending í slagtogi með þessum mönnum sem voru þekktir meðlimir í glæpagengi ...
12. ... að Guðmundur væri umfangsmikill eiturfjasmýglari sem notaðist við fölsk skilríki og þóttist vera þýskur fasteignasali.
13. Um hvarf Friðriks verður þó ekki skrifað án þess að minnst á nafn Guðmundar. ...

Vefsvæðið, www.stundin.is., 1. desember 2016, kl. 07:15.

14. Íslendingurinn í Paragvæ sem vitni segir að hafi sýnt höfuð Friðriks Kristjánssonar á Skype ...
15. ... átti hann samtalið við ónefnda Íslendinginn í Paragvæ daginn eftir, sem samkvæmt vitnisburði Jóns, sagðist hafa „ákveðið að drepa Friðrik“.
16. Um hvarf Friðriks verður þó ekki skrifað án þess að minnst á nafn Guðmundar Spartakusar ...

Útvarpsviðtal, Xið 977, Harmageddon, 1. desember 2016.

17. ... með þessum ónefnda Íslendingi sem að er talinn haf myrt Friðrik.
18. ... þessum ónefnda Íslendingi sem að er sagður hafa myrt hann og sýnt höfuð hans á Facebook ...

Útvarpsviðtal, Xið 977, Harmageddon, 30. desember 2016.

19. Og sko, það er nú alveg hægt að tengja meira að segja þessi tvö mál saman, þetta ógeðslega nauðgunarmál ... og þennan Íslending sem að hérna ja er talinn hafa haldið þarna á afskornu höfði Friðriks.
20. Og í raun og veru er hægt að tengja sko þessi nauðgunarmál ... og þetta mál með Friðrik sko að bæði maðurinn sem að hérna var talið að myndi gera mér eitthvert mein og maðurinn sem var talinn hafa haldið þarna á höfði Friðriks bjó hjá þessum nauðgaram þarna á meðan á dvöl hans stóð hér á Íslandi.

Viðtal í vefsjónvarpi (birt meðal annars á Facebook og www.sudurnes.net), 1. desember 2016.

21. ... að hann hafi verið myrtur af Íslendingi í Paraguay og og sá morðingi gengur laus á Íslandi í dag.
22. ... þetta morð er framið út í Paraguay ...
23. ... og eftir stendur að Friðrik Kristjánsson var að öllum líkindum myrtur úti í Paraguay í algjörrri lögleysu af Íslendingi sem að þar var atkvæðamikill í fíknaefnasmygli og var einn af þriggja manna teymi sem að við frá Stundinni greinum frá sem að stóðu að innflutningi á tugum kílóum fíkniefna frá Suður-Ameríku til meginlands Evrópu með hjálp íslenskra burðardýra sem að síðan var breytt yfir í erlend burðardýr þegar það átti að flytja þessi fíkniefni til Íslands.
24. ... og þessi ónefndi Íslendingur sem við tölum um í greininni sem að við teljum að séu allar líkur á að hafi myrt Kristján ...
25. ... þar sem þessi ónefndi Íslendingur segist hafa fengið nóg af Friðriki og hafi þess vegna ákveðið að drepa hann ...
26. ... og þar nær hann í glæran plastpoka sem að í er afskorið höfuð sem að blóðið draup enn innan úr og það var illa farið og skorið og herna brotinn kjálkinn og, og augað hékk út úr hauskipunni ...
27. ... þar minnst hann á nafn þessa Íslendinga sem að er talið að hafi myrt Friðrik.
28. ... að það hafi Íslendingur drepið Friðrik og afhöfðað hann.
29. ... og þá kemur upp úr kraftinu að morðinginn er staddur á Íslandi ...
30. ... um götur Reykjavíkurborgar gangi hugsanlega morðingi Friðriks.

Miskabótakrafa.

Þess er krafist að stefndi Atli Már verði dæmdur til þess að greiða stefnanda miskabætur að fjárhæð krónur 10.000.000,- með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 30. desember 2016 til 9. mars 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Birtingarkrafa o.fl.

Þess er krafist að forsendur og niðurstaða dóms í málinu verði birt á forsíðu prentmiðilsins Stundin og á vefsvæðinu www.stundin.is, eigi síðar en 14 dögum eftir dómsuppsögu, að viðlögðum dagsektum að fjárhæð krónur 50.000,-, fyrir hvern dag sem líður umfram áðurgreindan frest, án þess að birting fari fram.

Þá er krafist málskostnaðar auk virðisaukaskatts.

Stefndi krefst þess aðallega að kröfum stefnanda verði vísað frá dómi. Til vara krefst stefndi sýknu af öllum dómkröfum stefnanda. Til þrautavara er þess krafist að hafnað verði kröfu um greiðslu miskabóta og kröfu um birtingu

forsendna og niðurstöðu dómsins eða að dómkröfur verði lækkaðar verulega. Þá er krafist málskostnaðar auk virðisaukaskatts.

Málflutningur um frávísunarkröfu stefnda fór fram þann 15. janúar sl. og var frávísunarkröfu stefnda hafnað með úrskurði uppkveðnum 2. febrúar sl. Aðalmeðferð fór fram þann 3. maí sl. og var málið dómtekið að henni lokinni.

III.

Málsatvik.

Eins og kemur fram í gögnum málsins þá er forsaga málsins allt frá árinu 2013, er fjallað var um hvarf Friðriks Kristjánssonar í Suður-Ameríku.

Samkvæmt gögnum málsins birtist frétt á mbl.is 27. desember 2013 undir fyrirsögninni „Settu upp síðu um hvarf Friðriks“. Þann 14. janúar 2016 birtist frétt á mbl.is undir fyrirsögninni „Íslendingur valdamikill smyglari“. Í fréttinni er stefnandi nafngreindur og sagður vera valdamikill eiturlyfjasmyglari með umfangsmikla starfsemi þar og í Paragvæ og í Brasilíu. Er þar vitnað í frétt á heimasíðu RÚV auk þess sem vitnað er til nafnlausra heimildarmanna í brasilísku fíkniefnalögreglunni og að stefnandi notist við fölsuð skilríki. Auk þess er vitnað til fréttavefsins ABC Color í Paragvæ. Þá er í fréttinni fjallað um stefnanda og meðal annars sagt að talið sé líklegt að stefnandi hafi verið í samskiptum við annan Íslending, Friðrik Kristjánsson, sem saknað hafi verið frá því á vormánuðum 2013 og leiki grunur á að stefnandi hafi gert honum mein.

Á Vísí var fjallað um málið 14. janúar 2016 undir fyrirsögninni „Íslendingur sagður valdamikill eiturlyfjasmyglari í Suður-Ameríku“ og er þar birt ljósmynd af vegabréfi stefnanda ásamt ljósmynd af honum sjálfum. Er stefnandi þar nafngreindur og sagt að hann sé sagður valdamikill eiturlyfjasmyglari með starfsemi í Brasilíu og Mexíkó. Er þar vísað til ABC fréttamiðilsins í Paragvæ. Þá er sagt að hann sé sagður ganga með fölsuð skilríki og þykist vera þýskur fasteignasali sem stundi viðskipti í Paragvæ og Brasilíu.

Á vefmiðlinum Hringbraut var fjallað um málið 15. janúar 2016 undir fyrirsögninni „Íslenskur eiturbarón í S-Ameríku?“. Er stefnandi þar nafngreindur og vitnað til RÚV og fjölmiðilsins ABC í Paragvæ.

Á vef Ríkisútvarpsins var fjallað um málið 15. janúar 2016 undir fyrirsögninni „Íslendingurinn í Paragvæ ekki til rannsóknar“. Er ljósmynd af vegabréfi stefnanda birt og segir að lögregluþvöld í Paragvæ og Brasilíu séu ekki að rannsaka meinta brotastarfsemi Íslendinga sem þar hafi haldið til á undanförunum árum. Þann 17. janúar birtist frétt á RÚV undir fyrirsögninni „Nefndu engan höfuðþaur við yfirheyrslur“. Fjallar fréttin um handtöku á íslensku pari í Brasilíu vegna fíkniefnasmygls og var gagna aflað hjá lögregluþvöldum í Foraleza af hálfu brasilísks lögmanns konunnar. Segir að í gögnunum sem fréttastofan hafði

undir höndum hafi hvergi komið fram að stúlkan hafi nefnt eitt einasta nafn við yfirheyrslur hjá lögreglunni. Þá er haft eftir blaðamanninum Cándido Figueredo Ruiz að hann fullyrði í samtali við RÚV að parið hafi nefnt stefnanda við yfirheyrslur hjá lögreglunni og að hann væri einn af umsvifamestu fíkniefnasmyglurum á svæðinu. Í desember 2016 eru á sama vefmiðli fréttir undir fyrirsögninni „Tveggja Íslendinga leitað í Paragvæ“ og aftur undir fyrirsögninni „Íslendingur sagður valdamikill dópsmyglari“. Er stefnandi þar nafngreindur og tekið fram að samkvæmt lögreglunni í Paragvæ sé hann valdamikill eiturlyfjasmyglari með viðamikla starfsemi þar og í Brasilíu. Hann sé sagður notast við fölsk skilríki, hann sé þýskur fasteignasali sem stundi viðskipti í löndunum tveimur. Er vitnað til ABC fréttamiðilsins og fyrri umfjöllunar á RÚV og viðtals á dv.is við föður stefnanda. Auk þess birtist frétt á RÚV 27. desember 2017 þar sem vitnað er til fyrri fréttu á ruv.is og sagt að grunur léki á að annar þeirra manna sem leitað var að væri grunaður um að hafa unnið hinum mein. Í fréttinni undir sömu fyrirsögn er tekið fram að ljósmynd af vegabréfi manns sem leitað væri í Paragvæ hafi verið birt í ABC Color fréttamiðlinum. Auk þess var vísað til fréttu frá árinu 2013, í janúar og desember 2016 en þar var einnig fjallað um að lögregla leitaði stefnanda í tengslum við málið þar sem talið var að hann byggi yfir upplýsingum um hvarf Friðriks. Þá birtist frétt í janúar 2016 í paragvæska fréttamiðlinum ABC Color um meintan þátt stefnanda í umfangsmiklu fíkniefnamáli og vegna hvarfs Friðriks Kristjánssonar.

Í frétt Vísis 1. desember 2016 undir fyrirsögninni „Vinna úr nýjum upplýsingum vegna hvarfs Friðriks: Sjálfsagt eru einhverjir hræddir“ er vitnað til samtals við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu þar sem fram kemur að lögreglunni hafi nýlega borist ábendingar um að íslenskur karlmaður hafi verið myrtur í Suður-Ameríku en þá hafi Friðriks verið saknað í nokkrar vikur. Er vísað til þess að í janúar 2014 hafi fréttastofa Stöðvar 2 sagt frá því að talskona alþjóðalögreglunnar Interpol í Paragvæ hafi sagt lögreglunni á Íslandi frá gruni um að íslenskur maður hafi orðið Friðriki að bana. Þá kemur fram að í janúar 2016 hafi Fréttablaðið fjallað um mál Friðriks og haft eftir yfirmanni lögreglunnar á Íslandi að hún hafi ástæðu til að ætla að Friðrik hafi farið til Paragvæ frá Brasilíu. Þar hafi hann meðal annars átt að hitta stefnanda sem lögreglan leitaði einnig að vegna málsins.

Samkvæmt gögnum málsins birtist frétt á fréttamiðlinum Stundin þann 1. desember 2016 með yfirskriftina „Íslendingar í farvegi fíkniefnanna: Endaði í hryllingi. Friðrik Kristjánsson, vinsæll og efnilegur ungur maður úr Garðabæ, hvarf sporlaust í Paragvæ. Vitni hefur gefið sig fram við íslensku lögregluna og sagt frá afhöfðun. Ónefndur Íslendingur er sagður hafa sýnt höfuðið á Skype.“ Næsta fyrirsögn í fréttinni er: „Farvegur fíkniefnanna endaði með hryllingi. Friðrik

Kristjánsson vinsæll og efnilegur ungur maður úr Garðabæ, hvarf sporlaust í Paragvæ eftir að hafa ánetjast fíkniefnum. Íslendingur, sem búsettur var í Amsterdam, greindi lögreglu frá því að hann hefði séð ónefndan Íslending halda á afskornu höfði hans í samtali á Skype og hrósað sér af því að hafa myrt hann. Lögreglan í Reykjavík hefur nú handtekið og yfirheyrt einn mann vegna málsins.“ Í fréttinni er kafli sem ber heitið „Blaðamenn myrtir.“ Er síðan vitnað til blaðamannsins Cándido. Er haft eftir honum að í bæjum, s.s. Pedro Juan Caballero, Salto del Guaira og Ciunadad des Este, sé mikil fátækt og allt vel þekktar smyg- og glæpaborgir. Þangað hafi nokkrir Íslendingar komið og þeirra á meðal stefnandi. Haft er eftir Cándido að stefnandi hafi verið afar umfangsmikill í eiturlyfjaviðskiptum í þessum löndum og að hans helsta athafnasvæði væri Amamby-héraðið í Paragvæ. Síðar í fréttinni er greint frá aðkomu lögreglufirvalda á Íslandi við leit að Friðriki og m.a. sagt að sjónir lögreglufirvalda á Íslandi hafi strax beinst að þessum ónefnda Íslendingi sem „Jón“ sagðist hafa séð halda á afskornu höfði Friðriks. Jón þessi hafi gefið vitnisburð hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, sem talinn sé trúverðugur, og samkvæmt heimildum Stundarinnar var litið á vitnisburð Jóns sem trúverðugan og því hafi lögreglan talið sig hafa upplýsingar um að Friðriki hafi verið ráðinn bani í Suður-Ameríku. Undir kaflanum „Leitað að Guðmundi Spartakusi“ í sömu frétt er vitnað í frétt Fréttablaðsins um að fregnir hafi borist af því að Guðmundar Spartakusar væri enn leitað í Paragvæ. Þá segir að fram komi í fréttinni að Guðmundur væri jafnframt grunaður um að vera einn höfuðpaura í umfangsmiklum smyglhring ásamt mönnum frá Brasilíu og Paragvæ. Þá er vitnað í lögregluna um að staðfest hafi verið að Guðmundur hafi verið í Paragvæ á árinu 2013. Í sömu grein er haft eftir Cándido að honum hafi þótt óvenjulegt að sjá Íslending í slagtogi með þessum mönnum sem voru þekktir meðlimir í glæpagengi frá Salto del Guaira. Þá er ítrekað fjallað um nefndan Guðmund Spartakus, m.a. að hann hótí fjölmiðum lögsókn og að lögregla ræði við hann. Undir fyrirsögninni „Guðmundur Spartakus hótar fjölmiðlum lögsókn“ er vitnað til fréttáflutnings íslenskra fjölmiðla sem byggjast á frásögn Cándido um að fullyrt sé að Guðmundur Spartakus væri umfangsmikill eiturlyfjasmyglari sem notist við fölsk skilríki og þykist vera þýskur fasteignasali. Undir fyrirsögninni „Lögreglan ræðir við Guðmund Spartakus“ segir að um hvarf Friðriks verði þó ekki skrifað án þess að minnst á nafn Guðmundar sem talið sé að búi yfir upplýsingum sem geti varpað ljósi á hvarf Friðriks.

Þann 2. desember 2016 er fjallað aftur um sama mál. Er yfirskrift fréttarinnar „Ónefndi Íslendingurinn deildi skilaboðum um leigumorðingja skömmu fyrir hvarf Friðriks.“ Áfram er fjallað um hvarf Friðriks Kristjánssonar í fréttinni og m.a. birt mynd af vegabréfi Guðmundar Spartakusar. Með dómskjali þessu er

fyrirsögn af Facebook-síðu þannig orðuð: „Segir að tveimur dögum áður en mikilvægt vitni í hvarfi Friðriks Kristjánssonar sagðist hafa séð höfuð hans, illa farið í glærum plastpoka í samtali á Skype, hafi „ónefndi Íslendingurinn“ sem sagður sé hafa haft höfuð Friðriks undir höndum, birt óhugnanleg skilaboð á Facebook-vegg sínum. „Re-post this if you know someone who is still alive because you can't afford a hitman.““ Þá segir að samkvæmt frásögn Íslendinga, sem hafi verið búsettur í Hollandi og verið í sambandi við Friðrik vegna viðskiptanna, hafi hann átt samtali við ónefnda Íslendinginn í Paragvæ daginn eftir, sem samkvæmt vitnisburði „Jóns“ hafi sagst hafa „ákveðið að drepa Friðrik“. Vitnið, sem stefndi kallar „Jón“ í umfjöllun sinni, hafi vitnað til samtals síns á Skype hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Hann hafi ákveðið, eftir að hafa séð hryllinginn á Skype, að fara frá Amsterdam til Íslands og haft samband við lögregluna og óskað eftir því að fá að afplána dóm. Þá segir að tveimur dögum eftir samtalið á Skype hafi vitnið í Amsterdam ákveðið að skrifa ummæli undir deilingu hins ónefnda Íslendinga á myndinni þar sem hann segist vilja einhvern feigan. Hafði Stundin umrædda Facebook-færslu vitnisins undir höndum og birti hana orðrétt í fréttinni þar sem tekið er m.a. fram hvernig útreiðin á höfðinu hafi verið. Þá hafi ónefndi Íslendingurinn sagt vinum sínum frá því hvar hluta af líkamsleifum Friðriks hafi verið fyrirkomið, meðal annars „Jóni“.

Þann 1. desember 2016 var fjallað um málið á X-inu-977, Harmageddon, þar sem Atli Már Gylfason, blaðamaður á Stundinni, og Frosti Logason ræða um málið. Segir stefndi þar m.a. að „Jón“ sé hluti af þessum smyglhring, það séu þrír menn sem séu hluti af smyglhringnum. Nafn stefnanda er ekki nefnt en m.a. er haft eftir stefnda: „Hann er talinn hafa verið svona höfuðpaurinn í þessu með þessum ónefnda Íslendingi sem að er talinn hafa myrt Friðrik ...“ Einnig segir stefndi aðspurður: „... þá fer hann út til Brasilíu til þess að leita að upplýsingum og vísbendingum og reyna að ná tali af þessum ónefnda Íslendingi sem að er sagður hafa myrt hann og sýnt höfuð hans á Facebook og í sömu ferð þá langar honum að fara yfir til Paraguay, yfir landamærin og tala við lögregluna ...“

Þann 1. desember 2016 var fjallað um öryggi Atla Más á Local Suðurnes, Vefsjónvarpi og er þáttarstjórnandi Reynir Traustason. Bar viðtalið fyrirsögnina „Morðingi Friðriks gengur laus.“ Vísar stefndi í umfjöllun sinni meðal annars til lögregluþyrvalda á Íslandi og heimildarmanns síns, „Jóns“. Er fjallað um Sverri tönn og sagt að hann sé talinn hafa verið höfuðpaurinn í þessu með þessum ónefnda Íslendingi sem að sé talinn hafa myrt Friðrik. Síðar í viðtalinu svarar stefndi því að það sé óhugnanlegt að lögreglan geti ekki gert meira en hún hafi gert: „Já þetta er afskaplega erfitt sko því að hérna, ég meina samkvæmt okkar heimildum að þá var hann myrtur í Paraguay og Paraguay er eitt spilltasta land í Suður-Ameríku og Karl

Steinar greinir frá því t.d. að sumarið sem hann hverfur hann Friðrik 2013 þá fer hann út til Brasilíu til þess að leita að upplýsingum og vísbendingum og reyna að ná tali af þessum ónefnda Íslendingi sem að er sagður hafa myrt hann og sýnt höfuð hans á Facebook og í sömu ferð þá langar honum að fara yfir til Paraguay, yfir landamærin og tala við lögregluna ...“

Þann 30. desember 2016 er áfram fjallað um málið á sama fjölmiðli í viðtali Frosta Logasonar og Atla Más Gylfasonar undir yfirskriftinni „Helstu fréttir ársins með Atla Má.“ Er stefndi spurður út í öryggishnapp sem lögregla lét hann hafa eftir umfjöllun um málið og segir stefndi m.a.: „Ég meina allavega á tímabili, hann er farinn af landi brott núna, já tímabili var herna hér á landinu maður sem að menn ja óttuðust um að herna að færi að gera eitthvað í málinu ef um það yrði skrifað. Og sko, það er nú alveg hægt að tengja meira að segja þessi tvö mál saman, þetta ógeðslega nauðgunarmál þarna sem að lögfræðingurinn stígur inn í og, og þennan Íslending sem að herna ja er talinn hafa haldið þarna á afskornu höfði Friðriks.“ Þá segir stefndi aftur aðspurður um öryggishnappinn: „Nei, í raun og veru ekki sko. Og í raun veru er hægt að tengja sko þessi nauðgunarmál sem ég var að tala um áðan þar sem að lögfræðingurinn stígur inn í og þetta mál með Friðrik sko að bæði maðurinn sem að herna var talið að myndi gera mér eitthvert mein og maðurinn sem var talinn hafa haldið þarna höfði Friðriks bjó hjá þessum nauðgaram þarna á meðan á dvöl hans stóð hér á Íslandi.“

Þann 1. desember 2016 ræddir Reynir Traustason fréttamaður við stefnda í vefsíðunvarpinu www.sudurnes.net í kjölfar forsíðugreinar á Stundinni.is um hvarf Friðriks Kristjánssonar. Segir stefndi þar aðspurður að hann telji afdrif Friðriks vera þau að hann hafi verið myrtur af Íslendingi í Paragvæ og sá morðingi gangi laus á Íslandi. Er fjallað um málið í heild sinni og segir stefndi m.a. að þetta mál sé snúið að því leyti, eins og komi fram í greininni, að þetta morð sé framið úti í Paragvæ eftir því sem þeir komist næst. Er síðan fjallað um aðkomu lögreglunnar á Íslandi og för hennar út til Paragvæ í þeim tilgangi að leita að Friðriki. Segir stefndi síðan að það hafi ekki verið mikið af upplýsingum sem lögreglan hafi fengið í þeirri ferð og eftir standi að Friðrik hafi að öllum líkindum verið myrtur úti í Paragvæ í algjörri lögleysu af Íslendingi sem þar hafi verið atkvæðamikill í fikniefnasmygli og hafi verið einn af þriggja manna teymi sem Stundin hafi greint frá og stóð að innflutningi á tugum kílóa fikniefna frá Suður-Ameríku til meginlands Evrópu með hjálp íslenskra burðardýra sem síðan hafi verið breytt yfir í erlend burðardýr þegar átti að flytja fikniefnin til Íslands. Þá rekur stefndi síðar í viðtalinu að Sverrir Þór Gunnarsson, „Jón“ og þessi ónefndi Íslendingur, sem talað hafi verið um í greininni, sem þeir telji að hafi myrt Kristján. Í framhaldi lýsir stefndi Skype-símtali frá 1. apríl 2013 og segir að það hafi átt sér stað í hljóði og mynd þar sem

Þessi óefndi Íslendingur segist hafa fengið nóg af Friðriki og hafi þess vegna ákveðið að drepa hann og þessi „Jón“ hafi skiljanlega ekki trúað því og beðið þennan ónefnda Íslending að vera ekki að gantast með svona hluti þó svo að það væri 1. apríl. Stefndi hefur áfram eftir „Jóni“ að ónefndi Íslendingurinn hafi gengið rakleiðis að minibar á hótelinu og náð þar í glæran plastpoka sem í hafi verið afskorið höfuð sem blóðið haf dropið úr og verið illa farið og skorið, brotinn kjálki og augað hangið út úr hauskipunni og vitnar hann í lýsingar „Jóns“ hjá lögreglunni. Kvaðst stefndi í viðtalinu hafa gögn undir höndum sem renni frekari stoðum undir frásögn „Jóns“, m.a. skjáskot sem Stundin komi til með að birta. Þar minnst „Jón“ á nafn þessa Íslending sem talinn er hafa myrt Friðrik og að Íslendingur hafi myrt Friðrik og afhöfðað hann. Síðan lýsir stefndi því að hann hafi, vegna áhuga síns á málinu, rætt við fjölskyldu Friðriks og þá hafi m.a. komið upp úr krafsinu að morðinginn væri staddur á Íslandi og í kjölfarið hafi hann fengið alls konar upplýsingar og að það sé örugglega erfitt að vita til þess að um götur Reykjavíkurborgar gangi hugsanlega morðingi Friðriks.

Þann 9. febrúar 2017 sendi lögmaður stefnanda stefnda bréf þar sem hann krafðist afsökunarbeiðni frá stefnda á þeim ummælum sem höfðu birst í framangreindum fjölmiðlum og að afsökunarbeiðnin yrði birt á sömu fréttamiðlun. Þá var krafist miskabóta. Hvorki stefndi né Stundin hafa orðið við þeirri kröfu og því var mál þetta höfðað.

IV

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Um ómerkingarkröfuna segir stefnandi að henni megi skipta í þrennt. Í fyrsta lagi sé stefnanda gefið að sök að hafa gerst sekur um svívirðilegt manndráp. Í öðru lagi sé stefnandi ásakaður um það að villa á sér heimildir og nota til þess falsað vegbréf, sem sé skjalfals samkvæmt íslenskum lögum. Í þriðja lagi þá sé stefnanda gefið að sök að vera stórtækur eiturlyfjasmyglari.

Stefnandi kveðst byggja á því að í öllum hinum umstefndu ummælum felist ásökun um að hann hafi gerst sekur um alvarleg hegningarlagabrot sem eigi sér enga stoð í raunveruleikanum. Öll ummælin feli í sér ásökun um refsiverða háttsemi og séu til þess fallin að meiða æru stefnanda. Að gefnu tilefni sé rétt að taka það fram að stefnandi sé ekki með sakaferil, eins og sjá megi á framlögðu sakavottorði, og sé ekki til rannsóknar hjá lögreglu.

Þá gerir stefnandi grein fyrir því hvers vegna hver og ein hinna umstefndu ummæla séu ærumeiðandi aðdróttanir sem beri að ómerkja. Byggir stefnandi á því að í öllum ummælum í stefnu sé stefnanda gefið að sök refsiverð og siðferðislega ámælisverð háttsemi sem varði við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá sé stefnanda gefin að sök með nokkrum ummælum refsiverð og siðferðilega

ámælisverð háttsemi sem varði við 173. gr. a í almennum hegningarlögum. Þá tengi stefndi umfjöllun í lið 19 í stefnu með einhverjum furðulegum hætti við nauðgunarmál sem hafi verið til rannsóknar hjá lögreglu á þeim tíma og verið til umfjöllunar í fjölmiðlum. Stefnandi tengist því máli ekkert.

Varðandi friðarbrot í frétt stefnda á www.stundin.is, 1. desember 2016, þá hafi fréttin verið myndskreytt með ljósmynd af stefnanda og vegabréfi hans. Stefnandi eigi rétt til eigin myndar og til þess að ákveða með hvað hætti og í hvaða samhengi hún birtist. Með sama hætti verði að telja að stefnandi eigi ekki að þurfa að sæta því, a.m.k. ekki bótalest, að birtar séu myndir í fjölmiðlum af vegabréfinu hans með þeim viðkvæmu persónuupplýsingum sem þar sé að finna, s.s. vegabréfsnúmeri. Með framangreindum myndbirtingum hafi verið brotið gegn 229. gr. almennra hegningarlaga og 71. gr. stjórnarskrár Íslands og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Stefnandi eigi því rétt á miskabótum úr hendi stefnda vegna þessarar birtingar.

Miskabótakröfu sína byggir stefnandi á því að stefndi hafi vegið með alvarlegum hætti að æru stefnanda. Með því hafi stefndi framið ólögmæta meingerð gagnvart stefnanda sem stefndi beri skaðabótaábyrgð á enda um ærumeiðandi aðdróttanir að ræða sem bæði séu rangar og bornar út og birtar opinberlega gegn betri vitund. Það sé ljóst að virðing stefnanda hafi beðið hnekki, sem og æra hans og persóna. Réttur stefnanda til æruverndar og friðhelgi einkalífs njóti verndar 71. gr. stjórnarskrár, 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Það sé hlutverk handhafa opinbers valds að rannsaka, ákæra og dæma menn fyrir refsiverða háttsemi, ekki fjölmiðla. Með umfjöllun sinni um stefnanda hafi stefndi slegið því föstu að stefnandi hafi gerst sekur um margvísleg og svívirðileg hegningarlagaþrot sem enginn fótur sé fyrir. Stefnandi eigi því rétt á háum miskabótum úr hendi stefnda. Stefnandi telji að miski hans vegna umfjöllunar stefnda um hann sé hæfilega metinn krónur 10.000.000,-. Þá sé ljóst að stefndi hafi brotið jafnframt gegn friðhelgi einkalífs stefnanda með myndbirtingu og birtingu persónuupplýsinga um stefnanda.

Stefnandi krefst þess að forsendur og niðurstaða dóms í málinu verði birt eigi síðar en sjö dögum eftir dómsuppsögu í prentmiðli réttargæslustefnda Stundinni og á vefsvæði réttargæslustefnda www.stundin.is, að viðlögðum dagsektum að fjárhæð krónur 50.000 fyrir hvern dag sem líður umfram áðurgreindan frest. Um lagastoð birtingarkröfunnar sé vísað til 59. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla.

Stefnandi byggir á því að stefndi beri refsi- og fébótaábyrgð á hinum umstefndu ummælum, í tölulíðum 1-30 í dómkröfukafla í stefnu. Í fyrsta lagi á

ummælunum í töluliðum 1-16, og myndbirtingu og birtingu persónuupplýsinga um stefnanda, á grundvelli a-liðar 1. mgr. 51. gr. laga nr. 38/2011, en stefndi sé nafngreindur höfundur fréttarinnar, þar sem ummælin, myndin og upplýsingarnar birtust og beri því ábyrgð á efni hennar og framsetningu. Í öðru lagi á ummælunum í töluliðum 17-20 á grundvelli a-liðar 1. mgr. 50. gr. laga nr. 38/2011, en stefndi hafi viðhaft ummælin í eigin nafni í útvarpsviðtali og beri því á þeim ábyrgð. Í þriðja lagi á ummælunum í töluliðum 21-30 á grundvelli 235. gr. laga nr. 19/1940, en stefndi hafi viðhaft ummælin í viðtali í hljóði og mynd sem hafi meðal annars verið birt á Facebook-svæði fyrirsvarsmanns réttargæslustefnda og www.sudurnes.net, en að mati stefnanda eiga ábyrgðarreglur fjölmiðlalaga nr. 38/2011 ekki við um viðtalið.

Hvað varðar tjáningarfrelsi stefnda vísar stefnandi til 2. og 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, en það falli utan marka stjórnarskrárvarins tjáningarfrelsis þegar brotið sé gegn réttindum eða mannorði annarra manna.

Af öllu framansögðu sé ljóst að réttur stefnanda til æruverndar gangi framur tjáningarfrelsi stefnda eins og hér hátti til og því beri að taka dómkröfur stefnanda til greina og ómerkja ummælin og dæma stefnda til greiðslu miskabóta.

Þess er krafist að stefndi og réttargæslustefndi greiði stefnanda málskostnað og byggir stefnandi á 130. gr. 1. nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Um lagarök vísar stefnandi til 235. gr., 1. og 2. mgr. 236. gr., og 241. gr. og 242. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Stefnandi vísar jafnframt til laga nr. 38/2011 um fjölmiðla, einkum 50. gr., 51. gr. og 59. gr. Einnig vísar stefnandi til 71. og 72. gr. stjórnarskrár og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þá vísar stefnandi til 1. mgr. b-liðar 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og almennra skaðabótareglna, s.s. sakarreglunnar. Krafa stefnanda um vexti og dráttarvexti á miskabótakröfu er byggð á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, einkum 4., 6., 8. og 9. gr. laganna. Þá er krafa um málskostnað byggð á 130. gr. 1. nr. 91/1991. Einnig er vísað til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, s.s. hvað varðar varnarþing, málsaðild og málskostnað.

Krafa stefnanda um miskabætur sé byggð á 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 enda sé um að ræða skýr og ótvíræð brot á réttareglum, sem ætlað sé að vernda æru stefnanda og friðhelgi einkalífs hans, s.s. 229. gr., 235. gr. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rétt sé að halda til haga að birting og dreifing ærumeiðandi ummæla er sjálfstætt brot samkvæmt 2. mgr. 236. gr. laga nr. 19/1940.

Réttargæslustefndi ber, samkvæmt 3. mgr. 50. og 51. gr. laga nr. 38/2011, ábyrgð á greiðslu fésekta, skaðabóta o.fl., sem stefnda kunni að vera gert að greiða í málinu. Með sama hætti sé kveðið á um birtingu dóms að viðlögðum dagsektum

í 1. mgr. 59. gr. laga nr. 38/2011. Þess vegna sé réttargæslustefnda stefnt til þess að gæta hagsmuna sinna í málinu. Að mati stefnanda sé óumdeilt að öllum hinum umstefndu ummælum sé beint að stefnanda. Stefnandi sé því réttur aðili að málinu sóknarmegin.

V

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að löggjafinn og dómstólar hafi játað einstaklingum verulegt svigrúm til tjáningarfrelsis, þar á meðal til almennrar umfjöllunar um menn og málefni. Rétturinn til tjáningar sé varinn í 73. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sbr. lög nr. 62/1994. Í síðarnefnda ákvæðinu segi að réttur til tjáningarfrelsis skuli jafnframt ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Með afskiptum stjórnvalda sé m.a. átt við beitingu dómsvalds með þeim hætti að tjáningarfrelsi er skert. Réttur þessi sé, samkvæmt dómafordæmum mannréttindadómstóls Evrópu (MDE), sérlega ríkur og mikilvægur í lýðræðissamfélagi, þegar um er að ræða málefni sem telja má að eigi erindi við almenning og getur talist innlegg í samfélagsumræðuna.

Rétturinn til tjáningarfrelsis takmarkist af þeim undantekningum sem gerðar séu í 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 2. mgr. 10. gr. MSE. Ítrekuð dómafordæmi MDE áskilji að þessar undanþágur frá meginreglunni um tjáningarfrelsi beri að túlka afar þröngt. Allar takmarkanir á tjáningarfrelsi beri að sýna fram á með sannfærandi hætti. Þannig megi, skv. 2. mgr. 10. gr. 1. nr. 62/1994 og dómafordæmum MDE, einungis takmarka tjáningarfrelsi ef nauðsyn beri til í lýðræðislegu samfélagi. Orðið „*nauðsyn*“ í þessu sambandi hafi verið túlkað af MDE sem „*knýjandi þjóðfélagsleg nauðsyn*“. Hvort slík nauðsyn sé fyrir hendi sé dómstólum í landsrétti látið eftir að meta og beri þeim við það mat að líta til þess hvernig mannréttindadómstóllinn hafi túlkað 10. gr. MSE. Sérstaklega verði að rökstyðja takmörkun tjáningarfrelsis þegar blaðamenn, líkt og stefndi, eigi í hlut.

Stefndi telur málshöfðun stefnanda algerlega tilhæfulausa og að engin rök standi til þess að fallast á kröfu stefnanda um ómerkingu ummælanna sem um ræðir. Líkt og rakið sé í málavaxtalýsingu séu ummælin sem varði stefnanda sjálfan öll byggð á fréttum annarra fréttamiðla, raunar eru sum ummælin nánast orðrétt höfð eftir því sem birt hafði verið annars staðar, t.d. frétt Ríkisútvarpsins, enda byggt á þessum heimildum. Tekið hafi verið rækilega fram í frétt Stundarinnar, að það sem birtist í frétt Stundarinnar væri tekið annars staðar frá. Hafi það ekki getað farið framhjá nokkrum manni sem las umfjöllunina.

Stefndi byggir einnig á því að hann hafi verið í góðri trú um að efnið, sem hafi verið birt í Stundinni og haft eftir öðrum fjölmiðlum, væri rétt. Góð trú skipti

máli fyrir það hvort fella megi ábyrgð á ummælum á þann sem birtir þau. MDE hafi í dómum sínum litið svo á að góða trú blaðamanns skuli meta út frá þeirri vitneskju og upplýsingum sem voru fjölmiðli aðgengilegar á þeim tíma sem umfjöllun birtist, sbr. m.a. þá dóma sem gengið hafa gegn Íslandi á umliðnum árum, en ekki eru lagðar mjög íþyngjandi skyldur á fjölmiðla hvað þetta varði. Má sérstaklega í þessu sambandi vísa til máls Erlu Hlynsdóttur nr. 3 gegn Íslandi. Þar tók MDE undir með Hæstarétti, að það væri sannarlega hlutverk dómstóla en ekki fjölmiðla að sakfella fólk, en dómstóllinn áréttaði hins vegar að það væri bæði réttur og skylda fjölmiðla að fjalla um sakamál sem ekki hafa verið leidd til lykta af dómstólum á grundvelli upplýsinga sem liggi fyrir. Ekki væri hægt að gera þá kröfu, svo sem Hæstiréttur hafi gert, að umfjöllun um sakamál biði niðurstöðu dómstóla. Stefndi byggir á því að fjölmiðillinn Stundin og hann sjálfur hafi verið í góðri trú um að þær upplýsingar sem birst höfðu í paragvæskum fjölmiðlum, og síðar á vef Ríkisútvarpsins, væru þess eðlis að um þær væri ekki einasta óhætt að fjalla heldur væri það bæði réttur og skylda sérhvers fjölmiðils. Slíkt hafi verið eðli og efni fréttarinnar að frá því varð að greina og mátti greina.

Þá byggir stefndi á því að fjölmargir fjölmiðlar hafi bæði nafngreint stefnanda, birt af honum myndir og af vegabréfi hans og tengt hann við að vera eiturfjasmýglari o.fl. Hafi þetta verið byggt á upplýsingum sem sagðar voru komnar frá erlendum lögreglufrivöldum. Það hafi verið þessar upplýsingar sem voru aðgengilegar stefnda þegar umfjöllunin birtist og hafi miðlinum verið rétt að byggja á þeim, sem gert hafi verið í góðri trú. Hafði stefndi enga ástæðu til að efast um að umfjöllunin í hinum erlendu miðlum eða öðrum miðlum væri röng. Undir engum kringumstæðum verði ummælin dæmd dauð og ómerk í dómsmáli á hendur stefnda þessa máls, í ljósi framangreinda staðreynda. Ber því að sýkna stefnda.

Þá byggir stefndi sýknukröfu sína á því að engin hinna umstefndu ummæla séu röng enda öll byggð á umfjöllun annarra miðla svo og traustum heimildum sem hann hafi aflað sér, m.a. hjá lögreglu.

Þá krefst stefndi sýknu af meintu friðarbroti og miskabótakröfu stefnanda.

Til vara krefst stefndi þess, ef einhver ummæli verða ómerkt og talið verður að efni séu til að fallast á kröfu um miskabætur af öðrum ástæðum, að miskabótakrafa stefnanda verði lækkuð verulega. Umfjöllunin hafi hvorki verið ósanngjörn né villandi. Umfjöllunin þar sem stefnandi er nafngreindur byggist aðeins á því sem komi fram í öðrum miðlum og mátti stefndi reiða sig á áreiðanleika þeirra upplýsinga sem þar birtust. Málið hafi átt fullt erindi við almenning og snerti annað mál sem hafi verið mikið í fjölmiðlum.

Öllum kröfum um vexti og dráttarvexti er mótmælt.

Stefndi krefst í öllum tilfellum málskostnaðar í héraði úr hendi stefnanda skv. 129.-132. gr. laga um meðferð einkamála, auk virðisaukaskatts.

Stefnda vísar sérstaklega til 73. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 1. nr. 62/1994. Einnig er vísað til fjölmiðlalaga nr. 38/2011.

VI

Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi krefst ómerkingar allra þeirra ummæla sem getið er í liðum 1-30 í stefnu. Er sú krafa reist á 235. og 1. og 2. mgr. 236 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 241. gr. sömu laga. Þá telur stefnandi að myndskreyting með ljósmynd af stefnanda og vegabréfi hans sé sjálfstætt brot með vísan til 229. gr. almennra hegningarlaga, 71. gr. stjórnarskrár Íslands og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Stefndi krefst sýknu og byggir m.a. á því að ummæli sín séu byggð á fréttum annarra fréttamiðla auk þess sem hann byggi greinarskrif og fréttaflutning á heimildarmönnum sem hann geti ekki nafngreint. Aldrei hafi verið minnst á stefnanda í þeim liðum sem ekki byggjast á fyrri fréttaflutningi annarra fréttamiðla. Hafi stefndi verið í góðri trú um að sá fréttaflutningur og frásögn heimildarmanna hans hafi verið sannur. Þá mótmælir stefndi kröfu stefnanda um miskabætur.

Samkvæmt 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 eru allir frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að hver maður eigi rétt á að láta í ljós skoðanir sínar, en að hann verði að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðanir og aðrar tálmanir á tjáningarfrelsi megi þó aldrei í lög leiða. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins má tjáningarfrelsi aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins til verndar heilsu eða siðgæði manna vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Þá er mælt fyrir um í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Verður því að skýra ákvæði XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem mælir fyrir um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs, með hliðsjón af þessu.

Samkvæmt 234. gr. laga nr. 19/1940 skal hver sá sem meiðir æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum, og hver, sem ber slíkt út, sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári. Í 235. gr. laga nr. 19/1940 er mælt fyrir um að ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíka aðdróttun út, þá varði það sektum eða fangelsi allt að einu ári. Þá segir í 236. gr. laga nr. 19/1940 að sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, þá varði það fangelsi allt að tveimur árum og sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta, þá varði það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Samkvæmt

1. mgr. 241. gr. laganna má í meiðyrðamáli dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk, ef sá krefst þess sem misgert var við. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins má dæma þann, sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun, til þess að greiða þeim, sem misgert var við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna jafnframt eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum.

Samkvæmt b-lið 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er heimilt að láta þann sem ber ábyrgð á ólögmeetri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Samkvæmt þessu þarf annars vegar að kanna hvort ummælin hafi verið óviðurkvæmileg og hins vegar hvort í þeim hafi falist ólögmeæt meingerð gegn æru samkvæmt b-lið 26. gr. laga nr. 50/1993.

Eins og rakið er í málavaxtalýsingu þá er forsaga málsins allt frá árinu 2013, er fjallað var um hvarf Friðriks Kristjánssonar í Suður-Ameríku. Var fjallað um málið á mbl.is í desember 2013 undir fyrirsögninni „Settu upp síðu um hvarf Friðriks“ og janúar 2016 undir fyrirsögninni „Íslendingur valdamikill smyglari“. Í fréttinni er stefnandi nafngreindur og sagður vera valdamikill eiturlyfjasmyglari með umfangsmikla starfsemi þar og í Paragvæ og í Brasilíu. Er þar vitnað í frétt á heimasíðu RÚV auk þess sem vitnað er til nafnlausra heimildarmanna í brasilísku fíkniefnalögreglunni og að stefnandi notist við fölsuð skilríki. Auk þess er vitnað til fréttavefsins ABC Color í Paragvæ. Þá er í frétt á mbl.is í janúar undir fyrirsögninni „Íslendingur valdamikill smyglari“ fjallað um stefnanda og meðal annars sagt að talið sé líklegt að stefnandi hafi verið í samskiptum við annan Íslending, Friðrik Kristjánsson, sem saknað hafi verið frá því á vormánuðum 2013, og leiki grunur á að stefnandi hafi gert honum mein. Á Vísi var fjallað um málið í desember 2016 undir fyrirsögninni „Íslendingur sagður valdamikill eiturlyfjasmyglari í Suður-Ameríku“ og er þar birt ljósmynd af vegabréfi stefnanda ásamt ljósmynd af honum sjálfum. Er stefnandi þar nafngreindur og sagt að hann sé sagður valdamikill eiturlyfjasmyglari með starfsemi í Brasilíu og Mexíkó. Er þar vísað til ABC fréttamiðilsins í Paragvæ. Þá er sagt að hann sé sagður ganga með fölsuð skilríki og þykist vera þýskur fasteignasali sem stundi viðskipti í Paragvæ og Brasilíu. Ljósmynd af vegabréfi stefnanda var birt á vef DV í janúar 2016. Á vefmiðlinum Hringbraut var fjallað um málið í janúar 2016 undir fyrirsögninni „Íslenskur eiturbarón í S-Ameríku?“. Er stefnandi þar nafngreindur og vitnað til fjölmiðilsins ABC í Paragvæ. Á vef Ríkisútvarpsins var fjallað um málið í desember 2016 undir fyrirsögnunum „Tveggja Íslendinga leitað í Paragvæ“ og „Íslendingur sagður valdamikill dópsmyglari“. Er stefnandi þar nafngreindur og vísað til ABC fréttamiðilsins og fyrri umfjöllunar á RÚV og viðtals á dv.is við föður stefnanda.

Segir í fréttinni að annar þeirra manna sem leitað var að væri grunaður um að hafa unnið hinum mein, annaðhvort í Paragvæ eða Brasilíu. Þá var fjallað um málið á RÚV á sama tíma undir fyrirsögninni „Sást í Paragvæ mánuðum eftir að leit hófst“ og tekið fram að ljósmynd af vegabréfi manns sem leitað væri í Paragvæ hafi verið birt í ABC Color fréttamiðlinum. Auk þess var vísað til fréttu frá árinu 2013, í janúar og desember 2016 en þar var einnig fjallað um að lögregla leitaði stefnanda í tengslum við málið þar sem talið var að hann byggi yfir upplýsingum um hvarf Friðriks. Þá birtist frétt í janúar 2016 í paragvæska fréttamiðlinum ABC Color um meintan þátt stefnanda í umfangsmiklu fíkniefnamáli og vegna hvarfs Friðriks Kristjánssonar. Í frétt Vísis 1. desember 2016 undir fyrirsögninni „Vinna úr nýjum upplýsingum vegna hvarfs Friðriks: Sjálfsagt eru einhverjir hræddir“ er vitnað til samtals við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu þar sem fram kemur að lögreglunni hafi nýlega borist ábendingar um að íslenskur karlmaður hafi verið myrtur í Suður-Ameríku en þá hafi Friðriks verið saknað í nokkrar vikur. Er vísað til þess að í janúar 2014 hafi fréttastofa Stöðvar 2 sagt frá því að talskona alþjóðalögreglunnar Interpol í Paragvæ hafi sagt lögreglunni á Íslandi frá gruni um að íslenskur maður hafi orðið Friðriki að bana. Þá kemur fram að í janúar 2016 hafi Fréttablaðið fjallað um mál Friðriks og haft eftir yfirmanni lögreglunnar á Íslandi að hún hafi ástæðu til að ætla að Friðrik hafi farið til Paragvæ frá Brasilíu. Þar hafi hann meðal annars átt að hitta stefnanda sem lögreglan leitaði einnig að vegna málsins. Þá gaf Cándido Figueredo Ruiz, blaðamaður hjá ABC Color fréttamiðlinum í Paragvæ, skýrslu fyrir dóminum og staðfesti að hann hafi verið í sambandi við stefnda í máli þessu og svarað fyrirspurnum hans. Þá hafi vitnið fengið upplýsingar um að stefnandi tengdist hvarfi Friðriks. Nafn stefnanda hafi því komið oft upp í samskiptum vitnisins við lögregluna í Paragvæ í tengslum við hvarf Friðriks. Þá hafi vitnið fengið upplýsingar í gegnum heimildarmenn sína um að stefnandi notaði þýsk skilríki. Vitnið hafi ritað fjölda greina um málið sem birtar hafi verið á vefmiðlum undir nafni vitnisins en vitnið hafi m.a. skrifað um hvarf tveggja Íslendinga í Paragvæ. Vitnið kvað starfsmann RÚV hafa verið í sambandi við sig varðandi dómsmál gegn RÚV o.fl. Kvaðst vitnið telja að einhverjar af blaðagreinum sem hann hafi skrifað hafi verið endurunnar í fjölmiðlum á Íslandi.

Í málinu liggur því fyrir að öll þau ummæli og umfjöllun um stefnanda vegna liða nr. 3, 10, 11, 12 og 23 eru byggð á fréttum úr ofangreindum vef- og fréttamiðlum. Þegar stefndi birti ofangreind ummæli þann 1. og 30. desember 2016 höfðu áður nefndir fjölmiðlar þegar fjallað efnislega um mál stefnanda og nafngreint hann auk þess að hafa birt ljósmynd af honum og vegabréfi hans. Telur dómurinn ljóst að umfjöllun stefnda sé efnislega hin sama um stefnanda og fram komi í ofangreindum fjölmiðlum.

Með umfjöllun sinni tók stefndi ekki sérstaka afstöðu til sannleiksgildis fréttanna utan að hann hafði sjálfur samband við blaðamanninn Cándido við fréttamiðilinn ABC Color í Paragvæ. Telur dómurinn, eins og atvikum er háttað í þessu máli, að ekki sé unnt að leggja þá skyldu á stefnda eða gagnrýna hann fyrir að grennslast ekki sérstaklega fyrir um sannleik hinna umstefndu ummæla. Er því ekki hægt að slá því föstu að stefndi hafi vitað að ummælin væru ósönn eða borin út opinberlega gegn betri vitund. Verður stefndi sýknaður af þessum liðum stefnunnar.

Þá vitnar stefndi til heimildarmanns í Amsterdam sem hann nefnir „Jón“ og kvaðst fyrir dóminum ekki geta gefið upp rétt nafn hans þar sem hann væri bundinn trúnaði við heimildarmenn sína.

Óumdeilt er að stefndi sé ábyrgðarmaður greina sinna sem hann ritar undir nafni á fréttamiðlinum Stundin.is svo og í prentuðu blaði. Þá ber hann einnig ábyrgð á þeim ummælum sem hann lætur falla í öðrum fjölmiðlum hvort sem er um persónur eða efni.

Í öðrum liðum í stefnu endursegir stefndi annaðhvort það sem áður hefur verið birt um málið eða vitnar til heimildarmanns sem hann kveðst ekki geta nefnt fyrir dóminum en nefnir „Jón“ í umfjöllun sinni um málið.

Stefndi kvað fyrir dóminum að hann hafi verið í sambandi við mann í Hollandi sem sagði frá því að hann hefði átt Skype-samtal við ónefndan Íslending sem hafi sýnt honum afskorið höfuð í plastpoka sem hafi líkst Friðriki Kristjánssyni. Þá kvaðst stefndi hafa rætt persónulega við Cándido vegna þessa máls en sá blaðamaður hafi rannsakað hvarf Friðriks lengi í Paragvæ og nefnt stefnanda í skrifum sínum. Kvaðst stefndi ekki geta upplýst um nöfn heimildarmanna sinna að öðru leyti. Kvað hann hafa verið nauðsynlegt að fjalla um Friðrik og Guðmund í sömu andrá þegar verið var að fjalla um hvarf þeirra beggja á sínum tíma. Stefndi kvaðst hafa kynnt sér skrif um hvarf Friðriks og Guðmundar hjá öðrum fjölmiðlum áður en hann skrifaði grein sína í Stundinni. Stefndi fullyrti fyrir dóminum að „ónefndi Íslendingurinn“ væri ekki stefnandi. Kvaðst stefndi ekki upplýsa um nöfn heimildarmanna sinna, sem hann byggir greinarskrif sín á, án þess að leggja þá sjálfa í hættu. Þá kvaðst stefndi byggja á m.a. fésbókarfærslu sem liggur fyrir í málinu þar sem ónefndur Íslendingur deildi skilaboðum um leigumorðingja skömmu fyrir hvarf Friðriks.

Stefndi kvað rétt vera að tenging hans í umfjöllun um að hvarf stefnanda hafi tengst nauðgunarmáli hafi verið ónákvæm en hann hafi þar ekki átt við stefnanda. Stefndi kvaðst hafa rætt við lögregluna vegna hvarfs Friðriks og á sama tíma hafi verið leitað að stefnanda samkvæmt lögreglunni. Þess vegna hafi þessi ummæli verið viðhöfð.

Stefndi mótmælir því að umfjöllun hans um „ónefnda Íslendinginn“ sé umfjöllun um stefnanda eða gefið sé í skyn að það sé stefnandi. Í liðum 1, 2, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 14, 15, 17, 18, 19, 20, 21, 22 og 24-30 sé aldrei minnst á stefnanda og ekkert í þeirri umfjöllun sem tengi umfjöllun stefnda við stefnanda. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á eða sannað að stefndi sé að ræða um stefnanda í ofangreindum liðum.

Við mat á því hvar draga skuli mörkin milli tjáningarfrelsis, sem nýtur verndar samkvæmt 73. gr. stjórnarskrár, og friðhelgi einkalífs, sem varin er af 71. gr. hennar, skiptir máli hvort það efni sem birt er geti talist þáttur í þjóðfélagslegri umræðu og eigi þannig erindi til almennings. Hafa fjölmiðlar mikilvægu hlutverki að gegna við miðlun upplýsinga og skoðana um þjóðfélagsleg málefni. Á almenningur rétt á að fá upplýsingar sem slík málefni varða og þurfa sérstaklega ríkar ástæður að vera fyrir því að skerðing á frelsi fjölmiðla geti talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi eins og nánar kemur fram í dómum Hæstaréttar Íslands, m.a. dómi frá 15. nóvember 2012 í máli nr. 69/2012. Slíkar skerðingar geta eftir atvikum átt við séu ósönn ummæli birt eða borin út opinberlega gegn betri vitund. Umfjöllun stefnda um hvarf Friðriks Kristjánssonar fellur undir framangreint enda telst það hlutverk fjölmiðla að fjalla um alvarleg mál sem kunna að vera refsiverð. Með umfjöllun sinni um þessa liði stefnunnar tók stefndi ekki sérstaka afstöðu til sannleiksgildis fréttanna en vísaði til heimildarmanna sinna. Með hliðsjón af þessu, og því að stefnandi hefur ekki sýnt fram á að stefndi eigi með umfjöllun sinni í þessum liðum stefnunnar við stefnanda, verður að meta umfjöllun stefnda í ljósi 73. og 71. gr. stjórnarskrár Íslands.

Þegar alls þessa er gætt verður ekki talið að stefndi hafi með umfjöllun sinni vegið svo að æru stefnanda að það hafi farið út fyrir mörk leyfilegrar tjáningar samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Af þessu leiðir að stefnandi geti ekki átt rétt á bótum samkvæmt b-lið 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Að þessum niðurstöðum fengnum verður stefndi því sýknaður af öðrum kröfum stefnanda.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað. Málskostnaður vegna frávísunarkröfu stefnda beið efnisdóms en frávísunarkröfunni var hafnað. Að teknu tilliti til þessa og umfangi málsins þykir hæfilegur málskostnaður, sem stefnanda verður gert að greiða stefnda 600.000 krónur.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð.

Stefndi, Atli Már Gylfason, er sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundar Spartakusar Ómarssonar, í máli þessu.

Stefnandi, greiði stefnda 600.000 krónur í málskostnað.